




Símakönnun 2012

Fyrir árið 2011

Inngangur

Þjónustukönnun var gerð í Hlutverksetri símleiðis og var hringt í fólk sem hafði stundað Hlutverkasetur árið 2011. Könnunin var gerð frá 1. apríl til 20. júlí 2012. Oftast var hringt á milli kl. 13:00 og 15:00 virka daga en hringt var í fólk á öðrum tímum eftir óskum. Hringt var í einstaklinga sem höfðu verið virkir í tvo mánuði eða lengur. Þeir sem uppfylltu þessi skilyrði voru 134 einstaklingar. Af þessum 134 einstaklingum voru það 87 sem ekki náðist í þ.e.a.s. 29 manns svöruðu ekki, fimm vildu ekki svara könnuninni, 15 voru uppteknir í vinnu eða námi og gáfu sér ekki tíma til að svara spurningunum og í sumum tilfellum voru símanúmer ótengd eða lokuð samtals 21 símanúmer. Sleppt var að hringja í 17 einstaklinga vegna góðrar svörunar í könnun sem gerð var 2011. Reynt var að hringja 2-3 sinnum í hvern einstakling sem ekki svaraði. Sjö einstaklingar voru af erlendu bergi brotnir og náðist í fjóra þeirra.



Þátttakendur voru látnir vita um að svör þeirra væri ekki hægt að rekja til þeirra beint en þeim tjáð að vitnað yrði í svörin án nafngreiningar. Skýrsluhöfundur var starfsmaður NsN og nemi í iðjuþjálfun við HA.


Spurningaramminn var þessi og var stundum farið út fyrir efnið en rammanum haldið:

1. Hvernig kynntist þú Hlutverkasetri?
2. Af hverju kemur þú í Hlutverkasetur?
3. Hvaða væntingar hafðir þú til Hlutverkasetur/Stóðust þær væntingar/Ef ekki, hvað má bæta?
6. Varð einhver breyting á högum þínum eftir kynni þín af Hlutverkasetri?
7. Eignaðist þú einhverja vini eða kunningja?
8. Sóttir þú námskeið?
9. Hvernig nýtir þú þér Hlutverkasetur?
10. Hvaða gagn hafðir/hefur þú af veru þinni í Hlutverkasetri?
11. Hefur þú einhverjar hugmyndir fyrir Hlutverkasetur?
12. Kemur þú enn í Hlutverkasetur/Ef ekki, af hverju/Endurtók atvikið sig? (ef eitthvað neikvætt kemur upp/Geturðu nefnt dæmi?)
16. Hvaða verkefni tóku við?
17. Hvaðan færð þú tekjur þínar?

Þessar spurningar gáfu jafn mismunandi svör og þær voru margar og fjölbreytnin fólst líka í því hve margar svöruðu. Ekki fengust svör við öllum spurningum en helstu svör er að finna í köflunum hér að neðan.


Hvernig kynnist fólk Hlutverkasetri?

Þátttakendur könnunarinnar komu frá mörgum stöðum í velferðarkerfinu, algengast var að geðdeildir vísuðu á staðinn, alls voru það 12 einstaklingar sem fengu þá ábendingu og þá yfirleitt frá iðjuþjálfra, tíu einstaklingar fengu ábendingu frá vini eða ættingja og níu einstaklingum var bent á að koma frá Virk. Starfsmenn Hlutverkaseturs bentu tveimur einstaklingum á staðinn, Rauði krossinn tveimur og sálfræðingur tveimur. Annars komu ábendingarnar frá ýmsum aðilum s.s. Stígamótum, félagsráðgjafa, lækni, Grensás, Vinnumálastofnun, áfengisráðgjafa, samfélagsteymi og geðræktarfélagi.



Af hverju kemur fólk í Hlutverkasetur, stígur þetta skref?

Flestir vildu rjúfa einangrun sína eða að taka næsta skref í endurhæfingu sinni. Sumir nefndu það að þeir væru að koma af áhuga og einnig til þess að komast í virkni. Sumir voru að leita sér hjálpar eða komu vegna ábendinga. Margir svöruðu með tveimur eða fleiri svörum.



Hvaða væntingar hafði fólk?

Fæstir höfðu ákveðnar væntingar til Hlutverkaseturs en þeir sem höfðu þær, höfðu væntingar um félagslíf eða að komast á næsta stig endurhæfingar. Hjá flestum stóðust væntingar en einn einstaklingur var ekki ánægður, sagði að í Hlutverkasetri væri lokaður hópur sem erfitt væri að kynnast.

Breyting á högum


Flestum sem svöruðu þessari spurningu fannst það að mæta í Hlutverkasetur yki virkni og ryfi einangrun og að þeim liði betur og kæmst áfram í bataferli. Aðrir fundu ekki mun á sér en flestir voru ánægðir með það sem var í boði.

Hvað má bæta?

Þær ábendingar sem komu um það sem mætti bæta fannst viðmælendum erfitt að finna eitthvað í fljótu bragði. Þeir sem höfðu svar við þessari spurningu bentu á að meira mætti vera um hvatningu og að það mætti vera skylduþátttaka í gönguferðum og að fólk yrði rekið af stað í verkefni oft. Enginn setti út á móttökuna.


Voru tengsl mynduð?

Langflestir af þeim sem hringt var í höfðu myndað tengsl við aðra og voru mjög ánægðir með þau, en tengslin náðu oftast ekki út fyrir Hlutverkasetur.



Sækir fólknið námskeið?

Flestir höfðu sótt námskeið og var listin þar efst á baugi og voru allir sem sóttu listanámskeið á einu máli um það að þar væri hægt að fá framúrskarandi listakennslu. Mörgum fannst þeir finna leynda hæfileika í listinni og var listakennara þökkuð lífgjöf í einu tilfelli því það væri svo gott að koma.



Hvernig gagnast Hlutverkasetur?


Þeir sem koma í Hlutverkasetur nýta sér það sem endurhæfingu, til þess að vera innan um fólk, sækja námskeið og var listsköpun þar efst á blaði. Gagnast einnig sem dægradvöl.

Framtíðarhugmyndir fyrir Hlutverkasetur

Helstu hugmyndir sem komu voru um ný námskeið t.d. að meira mætti fara fyrir handavinnu, að hægt væri að fara saman í ferðir út á land, að hægt væri að halda listasýningu í alvöru listagalleríi, einnig að hægt væri að halda basar. Gítarkennsla, tafífélag, umræðuhópar, að 12 spora kerfið yrði tekið fyrir, trommuhringur endurvakinn, námskeið tengd tónlist og sagnanámskeið. Betrumbæta mætti aðgengi fyrir þá sem eru með einhverja líkamlega fötlun þá varðandi lyftuna og bílastæði.


Kemur fólkið enn í Hlutverkasetur og hvað tók við ?

Meirihluti þeirra sem svöruðu sækja Hlutverkasetur enn. Þeir sem eru hættir að koma eru farnir að vinna eða komnir í nám, tveir nefndu önnur úrræði og sumir höfðu farið í annars konar endurhæfingu eða voru heilsulitlir. Aðrir vildu ekki tjá sig sérstaklega um þau verkefni sem tóku við en voru í einhvers konar iðju.



Tekjur

Flestir sem koma í Hlutverkasetur eru á örorkubótum, en einnig er það endurhæfingarlífeyrir, atvinnuleysisbætur, sjúkradagpeningar, atvinna, ekkjubætur og námslán. Lífeyrir og sjúkradagpeningar voru einnig nefnd í sambandi við innkomu. Sumir nefndu fleira en eitt.



Lokaorð

Þegar gögnin hafa verið tekin saman sést að flestir þeir sem sækja Hlutverkasetur eru ánægðir með þjónustuna og bera henni góða sögu. Fólkinu finnst gott að koma og komast í virkni. Móttökur voru góðar og fannst flestum viðmælenda finna árangur hjá sér í endurhæfingu. Niðurstöður hefðu verið nákvæmari ef fleiri einstaklingar hefðu svarað og vitað hefði verið um afdrif þeirra. Stór hluti var kominn í nám eða vinnu og höfðu ekki tíma til að svara sökum anna, sem er ánægjulegt fyrir Hlutverkasetur.